

AUGLÝSING
um breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis
vestan Óss í Ólafsfirði, Fjallabyggð.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði.

Breytingin felur í sér að reiðgötu við tanningargerði verður breytt í veg sem liggur að reiðskemmu. Gatan Brimvellir er framlengd framhjá tanningargerði í átt að reiðskemmu og tengist bílastæðum sunnan við reiðskemmu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Fjallabyggð, 9. júní 2016.

Andri Þór Andrésson tæknifulltrúi.

—————
B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2016